


# Jarðfræði og Norðfjarðargöng

George Patrick Leonard Walker fæddist í London á Englandi 2. mars 1926 og nam jarðfræði við Queens háskólann í Belfast á Norður-Írlandi og tók þar bæði bakkalárs- og meistarapróf 1948 og 1949. Eftir það lauk hann doktorsprófi við háskólann í Leeds á Englandi árið 1956. Doktorsritgerð hans fjallaði um holufyllingar í tertíeru blágrýtislögunum í Antrim-Héraði á Norður-Írlandi, en þar er mikið um



Mynd 1 - G.P.L.Walker

geislasteina, kvarssteindir og kalsít eins og er í tertíera jarðlagastaflanum hér á landi. Walker sem var sannarlega ötull fræðimaður, hlaut síðan annan doktorstitil við háskólann í Lundúnum.<sup>1</sup>

Walker fór víða um heim og sumarið 1954 kom hann til Íslands í fyrsta sinn. Landið hafði greinilega náð að fanga hug hans og hjarta, því ári síðar hrundi hann hér umfangsmiklum jarðfræðirannsóknnum í framkvæmd.<sup>2</sup> Í aðsigi voru merkilegir tímar í sögu íslenskra jarðvísinda, því varla voru fleiri en 5 starfandi jarðfræðingar á landinu um þetta leyti.<sup>3</sup> Hugðist hann leggja stund á rannsóknir á holufyllingum í blágrýtishraunlagastaflanum á Austfjörðum (sem hann og gerði), en strax kom hann samt auga á ótal aðra þætti í gerð þessa jarðlagastafla sem ekki voru síður áhugaverðir en holufyllingarnar og sneri hann sér þá að alhliða rannsókn og kortlagningu hans.<sup>4</sup>

Walker var einn fremsti jarðfræðingur og eldfjallafræðingur heims og tók á sínum tíma við heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands. Hann lagði meiri skref til íslenskra jarðvísinda en nokkur annar erlendur maður og hafði landið sömuleiðis sett mark sitt á hann, eða líkt og hann sagði sjálfur: „Ísland kenndi mér jarðfræði“.<sup>5</sup>

Nú er runnin upp sú stund sem flestir austfirðingar (og jafnvel fleiri) hafa beðið með óþreyju eftir. Hafin er framkvæmd að gerð nýrra Norðfjarðaganga og hefur hún að sjálfsögðu mikið með jarðfræði að gera. Áður en jarðgangagerð getur hafist þarf frumrannsókn að liggja fyrir. Einkum þarf jarðfræðileg kortlagning á gerð og legu jarðlaganna að vera fyrir hendi til þess að verktakar geti áttað sig á aðstæðum sem búast má við í gangagerðinni. Því er mjög heppilegt að Walker hafi búið til fyrsta alvöru jarðfræðikortið (sjá mynd 4) af svæðinu og því má ef til vill segja að gögn hans liggja nú til grundvallar að fræmkvæmdunum. Þessi merku gögn (ásamt flestum hans gögnum, greinum, steinum og veraldlegu eigum) má nú finna á Breiðdalsvík, nánartiltekið í Breiðdalssetri.


<sup>1</sup> Páll Imsland, Prófessor G.P.L. Walker á Hawaii sæmdur heiðursdoktorstitli við Háskóla Íslands og nokkur orð um jarðfræðirannsóknir á Íslandi, 199.

<sup>2</sup> Páll Imsland, Prófessor G.P.L. Walker á Hawaii sæmdur heiðursdoktorstitli við Háskóla Íslands og nokkur orð um jarðfræðirannsóknir á Íslandi, 200.

<sup>3</sup> Ísland kenndi mér jarðfræði, 28.

<sup>4</sup> Páll Imsland, Prófessor G.P.L. Walker á Hawaii sæmdur heiðursdoktorstitli við Háskóla Íslands og nokkur orð um jarðfræðirannsóknir á Íslandi, 201.


<sup>5</sup> Ísland kenndi mér jarðfræði, 28.



Málvísinda-, sögu- og jarðfræðistofnunin Breiðdalssetur er tiltölulega ný á nálinni og hefur nú starfað í um það bil 5 ár. Eftir andlát Walkers áskotnaðist setrinu hvorki meira né minna en 2 tonn af rannsóknargögnum og hlutum úr eigu hans, fyrir tilstilli fyrrverandi nemanda hans, Ómars Bjarka Smárasonar og fjölskyldu Walkers. Þar hefur hann verið í heiðri hafður æ síðan og er starfsfólk setursins


langt komið með vinnslu á gögnunum og fyrir skemmstu var grennslast fyrir um hvort eitthvað fýndist þar um Norðfjarðargangasvæðið. Þá fannst skemmtileg teikning í feltbók Walkers frá árinu 1957 sem sýnir Hólafjall, en göngin munu einmitt liggja í gegnum fjallið, gegnt eyðibýlinu Tandrastöðum, en til gamans má geta að þar hafði Walker oft næturstað í tjaldi sínu sumarið 1957. Sama sumar vann hann að rannsóknum á svæðinu sem hann birti svo niðurstöður úr í greininni „The Geology of the Reyðarfjörður Area“ tveimur árum síðar, en þar má einnig finna áður nefnt kort (sjá mynd).

Austfirskum bændum hefur sjálfsagt þótt hann „kynlegur kvistur þar sem hann tjaldaði í túnfætinum hjá þeim og hljóp á fjöll til að athuga grjót og berglög“<sup>6</sup> og hafði oft heyrst sá orðrómur að þarna væri þýskur njósnari á ferðinni. Ef til vill eru einhverjir sem muna enn eftir honum, gangandi um fjöll og firnindi.



Mynd 3 - Jarðfræðikort af Reyðarfirði og nágrenni

<sup>6</sup> Ísland kenndi mér jarðfræði, 28.



Mynd 4 - Teikning úr feltbók Walkers

## Heimildir

Páll Imslund. „Prófessor G.P.L. Walker á Hawaii sæmdur heiðursdoktorstitli við Háskóla Íslands og nokkur orð um jaðfræðirannsóknir á Íslandi“. *Náttúrufræðingurinn*, 1. október 1988, 199-211.

„Ísland kenndi mér jarðfræði“. *Morgunblaðið*, 22. Október 1988, 28-29.